



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 4. júní 2021

2106009SA GB  
Málalykill: 00.64

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um öryggi í jarðgöngum, mál nr. S-120/2021**

### **Umsögn um jarðgangareglugerð**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 25. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um drög að reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng.

#### **Almennt**

Helstu breytingar sem felast í reglugerðardrögunum sem hér eru birt eru eftirfarandi:

1. Gildissvið reglna um öryggiskröfur fyrir jarðgöng verði útvíkkað þannig að þær taki til allra jarðganga á Íslandi, lengri en 500 m, sem opin eru fyrir almennri umferð.

2. Jarðgöng á Íslandi verði flokkuð í þrjá flokka og gerðar mismunandi öryggiskröfur til hvers flokks. Þetta er lagt til þar sem eðlilegt þykir að gerðar séu sambærilegar kröfur til sambærilegra jarðganga. Flokkarnir eru :

A) Jarðgöng í flokki I: Jarðgöng sem tilheyra samevrópska vegakerfinu og öll jarðgöng tekin í notkun eftir 1. janúar 2021 hvort sem þau tilheyra samevrópska vegakerfinu eða ekki. Í þennan flokk falla Hvalfjarðargöng, Vaðlaheiðargöng, Fáskrúðsfjarðargöng og Almannaskarðsgöng.

b) Jarðgöng í flokki II: Jarðgöng utan samevrópska vegakerfisins tekin í notkun á tímabilinu 24. október 2007 – 1. janúar 2021. Í þennan flokk falla Héðinsfjarðargöng, Bolungarvíkugöng, Norðfjarðargöng og Dýrafjarðargöng.

c) Jarðgöng í flokki III: Jarðgöng utan samevrópska vegakerfisins tekin í notkun fyrir 24. október 2007. Í þennan flokk falla Strákagöng, Múlagöng og göng undir Breiðadal- og Botnsheiði.

Reglugerðardrögin gera ráð fyrir að allar kröfur I.-III. viðauka gildi um jarðgöng í flokki I.

Um jarðgöng í flokki II gildi sömu kröfur og um jarðgöng í flokki I, utan þess að millibil neyðarstöðva verði 250 metrar í stað 150 metra. Slíkar kröfur eru til samræmis við kröfur evrópureglna til jarðganga lengri en 500 metra sem tilheyra samevrópska vegakerfinu og tekin voru í notkun fyrir árið 2007.

Um jarðgöng í flokki III gildi tiltekin ákvæði um m.a. lýsingu, loftræstingu, neyðarstöðvar, vatnsveitu, umferðarmerki, stjórnstöð, vöktunarkerfi, búnað til

lokunar, fjarskiptakerfi, aflgjafa, aflrásir og um brunapol búnaðar. Öryggiskröfur sem gerðar voru til jarðganga á byggingartíma jarðganga í flokki III eru töluvert ólíkar þeim kröfum sem gerðar eru í dag. Þá eru jarðgöng í flokki III ýmist einbreið með öllu eða einbreið að hluta. Meðal annars vegna þess er ekki lagt til að allar kröfur sem gerðar eru til jarðganga í flokki I séu gerðar til jarðganga í flokki III.


### **Ábendingar Fjallabyggðar**

Sambandinu hafa borist ábendingar frá Fjallabyggð við reglugerðardrögin. Að áliti sambandsins gefa þær athugasemdir tilefni til þess að fundað verði með fulltrúum sveitarfélagsins og óskar sambandið eftir aðkomu að þeim fundi.

Sambandið tekur jafnframt undir þá almennu afstöðu sem fram kemur í ábendingum Fjallabyggðar að við setningu reglna um öryggi í jarðgöngum verði að unnið út frá þeirri grundvallarreglu að allar öryggiskröfur gildi um öll jarðgöng svo lengi sem tæknilega er mögulegt að uppfylla viðkomandi skilyrði / öryggiskröfur. Aðeins eigi að undanþiggja jarðgöng frá öryggisskilyrðum ef tæknilega er ómögulegt að uppfylla viðkomandi skilyrði. Í þessu samhengi mætti m.a. sérstaklega horfa til þess að kröfur um fjarsímasamband verði að meginstefnu þær sömu í öllum jarðgöngum, óháð lengd þeirra, umferðarpunga og hvenær þau voru gerð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs